

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. október 2025

### **Fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um flutning dagdvalarinnar Þorrasels**

Fulltrúi Framsóknar í velferðarráði óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða flutninga á dagdvölinni Þorrasel sem meirihlutinn og Sjálfstæðisflokkurinn samþykktu á fundi velferðarráðs 25. júní sl. Óskað er eftir upplýsingum um tímalínu flutninga og samskipti vegna þeirra við þjónustuþega Þorrasels.

#### **Greinargerð:**

Á fundi velferðarráðs 25. júní samþykktu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Sósíalistaflokks Íslands og Pírata flutning á dagdvölinni Þorrasel en fulltrúi Framsóknarflokksins sat hjá með bókun. Sú ákvörðun hefur haft það í för með sér að óvissa hefur skapast hjá þjónustuþegum Þorrasels um framhald starfseminnar enda hefur fyrirkomulag þjónustunnar til framtíðar og tímalína vegna fyrirhugaðra flutninga ekki verið kynnt. Um 100 einstaklingar mæta í hverri viku í Þorrasel og hefur dagþjálfunin ómetanlegt gildi fyrir þann hóp sem hana sækja. Þótt mikilvægt sé að Heilsugæslan í Miðbæ haldi áfram starfsemi sinni í miðbæ Reykjavíkur og að hún hafi aðgang að húsnæði sem hæfir starfseminni þá er einnig brýnt að starfsemi Þorrasels sé áfram tryggð og ekki komi til þjónusturofs við hópinn. Komi til flutninga á Þorraseli verður að tryggja að sambærileg eða betri þjónusta verði veitt á nýjum stað.